

2. mars 2021

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Efni: Umsögn um umsókn ORF Líftækni um sleppingu erfðabreyttra lífvera**

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) hafa fjallað um ofangreinda umsókn. Um er að ræða sleppingu/útiræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi á ótilteknu svæði innan umráðasvæðis Landgræðslunnar í Gunnarsholti á næstu fimm árum. Sagt er að um tilraun sé að ræða, en ljóst er að umsækjandi stefnir að umfangsmikilli útiræktun þegar fram líða stundir. Bygginu er ætlað að framleiða vaxtarþætti sem nota megir í frumuræktun á kjöti.

Samtökin mæla eindregið gegn því að umsókn þessi verði samþykkt af eftirgreindum ástæðum:

- **Umtalsverð umhverfisáhætta:** Ræktunin fer fram utandyra og telst þar af leiðandi slepping út í íslenska náttúru, sem valda kann óafturkræfum áhrifum, m.a. á jarðvegi, grunnvatni, gróðri og dýralífi. Vísindarannsóknir víða um heim hafa sýnt fram á að afmörkun útiræktunar erfðabreyttra plantna er ekki möguleg. Engin rök hníga til þess að því sé öðruvísi farið hér á landi, nema síður sé vegna þess hve land er opið og veðráttu oft hörð. Gera ber kröfu um að umsókn verði ekki afgreidd fyrr en fram hafi farið tilraunir með fóðrun dýra á erfðabreyttu byggrykjunum. Í umsóknargögnum er þess heldur ekki getið að fylgst verði með mögulegri mengun jarðvegs og vistkerfis hans með sýnatökum og prófunum.
- **Hætta á blöndun við aðrar afurðir:** Ræktunin byggir á nokkrum erfðabreyttum yrkjum af byggi, en bygg er í vaxandi mæli ræktað hérlandis til fóðrunar búfjár, auk þess sem bygg er skylt melgresi, sem víða vex og er hagnýtt til að hefta sandfok. Fyrri rannsóknir vísindamanna hafa ekki útilokað að víxlfrjóvgun milli þeirra geti átt sér stað. Umfang ræktunar skv. umræddri tilraun er slíkt að hvorki verður útilokað að erfðabreytt lyfjabygg blandist slíkum plöntum eða afurðum þeirra, né að hið erfðabreytta lyfjabygg dreifi sér (liðhlaupar). Farið er fram á að Umhverfisstofnun kalli eftir viðhlítandi gögnum um tilraunir sem sýni fram á hvort hið erfðabreytta bygg geti víxlást við annað bygg.
- **Hreinleiki landsins, afurða þess og ímyndar í húfi:** Vísbendingum um neikvæð áhrif erfðabreytinga, erfðabreyttra afurða og útiræktunar erfðabreyttra lífvera fjölgar ár frá ári. Útiræktun hér á landi er til þess fallin að valda tjóni á lífríki og umhverfi í víðum skilningi þess. Ísland er land án erfðabreyttra lífvera þar sem engin útiræktun á erfðabreyttum plöntum fer fram. Sú staða er ómetanleg fyrir gæði landsins og afurða þess sem heill og heilsa þjóðarinnar byggir á, svo og fyrir umhverfisímynd þess sem eru ómentaleg fyrir markaðssetningu landsins og afurða þess á alþjóða vettvangi.

- **Sunnlensk náttúra notuð til áhættusamrar framleiðslu:** Áhættusöm útiræktun á erfðabreyttum lyfjaplöntum, sem hafa að geyma öfluga vaxtarþætti í miðju helsta landbúnaðar- og matvælaframleiðsluhéraðs landsins er að mati NSS óásættanleg fórn í þágu sérhagsmuna sem þannig nota hið hreina sunnlenska umhverfi okkar í tilrauna- og ábataskyni fyrir framleiðslu sem margt bendir til að eigi sér ekki vænlega framtíð. Evrópa leyfir ekki útiræktun á erfðabreyttum plöntum til framleiðslu lyfja og vaxtarþátta, og má ætla að ástæður þess séu hve áhættusöm slík ræktun er talin fyrir lífríkið og umhverfið.
- **Öflugþróun í matvælaframleiðslu:** Frumuræktun á kjöti er enn ein tækninýjungin sem líftæknifyrirtæki hampa sem umhverfisvænni leið til að brauðfæða heiminn. Kallað er eftir óháðu mati á raunverulegum kostnaði og kolefnisspori slíkrar framleiðslu áður en land okkar er notað sem tilraunastofa í þess háttar hráefnagerð. Hvers vegna ætti Ísland, eitt Evrópulanda, að taka að sér útiræktun erfðabreyttra vaxtarþátta fyrir slíka framleiðslu?

Sem fyrr hvetja Náttúruverndarsamtök Suðurlands umráðamenn lands á Suðurlandi sem og annars staðar til að lýsa lönd sín **svæði án erfðabreyttra lífvera**, þar með talda bændur og eigendur ræktunarsvæða, sveitarfélög sem fara með skipulagsvald, svo og opinbera aðila, stofnanir og samtök, sem annast eða eiga landsvæði.

Virðingarfyllst

F.h. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands  
Ingibjörg Eiríksdóttir, varaformaður